



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 16. júní 2025
USK21120013

Bréf

Til stendur að meðfylgjandi drög að uppfærðum verklagsreglum vegna starfssemi stöðvalausra hjóla- og smáfaratækja á borgarlandi Reykjavíkur verði kynnt almenningi í gegnum samráðsgátt borgarinnar.

Í drögunum er leitast við að skerpa á ábyrgð rekstaraðila varðandi eftirfylgni með hvernig smáfarartækin eru notuð og skilið við þau. Drögin hafa verið kynnt núverandi rekstaraðilum en nú er áætlað að bjóða almenningi og öðrum hagaðilum að koma sínum athugasemdum á framfæri.

Til glöggvunar er hjálagt sniðmát þess samnings sem rekstaraðilar rafhlaupahjólaleiga hafa gert við borgina en sá samningur er byggður á verklagsreglum vegna starfssemi stöðvalausa hjólaleiga á borgarlandi Reykjavíkur sem samþykktar voru á fundi skipulags- og samgönguráðs 3. júlí 2019, sem einnig eru hjálagðar.

Uppfærður samningur og verklagsreglur kæmu í stað núverandi núverandi samnings sem er hvorutveggja í senn samningur og verklagsreglur. Að lokinni kynningu er áætlað að uppfærður samningur komi til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt:

- Drög að uppfærðum verklagsreglum vegna starfssemi stöðvalausra hjóla- og smáfaratækja á borgarlandi Reykjavíkur
- Sniðmát þess samnings sem rekstaraðilar rafhlaupahjólaleiga hafa gert við borgina
- Verklagsreglur vegna starfssemi stöðvalausa hjólaleiga á borgarlandi Reykjavíkur sem samþykktar voru á fundi skipulags- og samgönguráðs 3. júlí 2019

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Umhverfis- og skipulagssvið (hér eftir nefnd Reykjavíkurborg) og [nafn þjónustuaðila], kt. [kennitala], [heimilisfang], [póstnúmer] [sveitarfélag], (hér eftir nefnt þjónustuaðili) gera með sér eftirfarandi:

Samning

um stöðvalausa hjóla- eða smáfarartækjaleigu í Reykjavík

1. Markmið

- 1.1. Með samningi þessum er kveðið á um skyldur beggja aðila vegna fyriráætlana þjónustuaðila um starfsemi stöðvalausrar hjóla- eða smáfarartækjaleigu í Reykjavík.

2. Verklagsreglur

- 2.1. Með samningu þessum skuldbinda aðilar sig til að fara eftir ákvæðum gildandi verklagsreglna um stöðvalausar hjóla- eða smáfarartækjaleigur í Reykjavík og þeim breytingum sem á þeim kunna að verða.
- 2.2. Tengiliður þjónustuaðila er [nafn], [símanúmer], [netfang] og hann skal vera í samskiptum við Reykjavíkurborg. Tengiliður Reykjavíkuborgar er Ef breytingar verða á tengilið skulu aðilar veita upplýsingar um nýjan tengilið.

3. Samvinna og eftirfylgni

- 3.1. Með undirritun þessa samnings lýsa Reykjavíkurborg og þjónustuaðili því yfir að vinna náið saman til að áhrif þjónustunnar verði sem jákvæðust og að brugðist verði hratt við ábendingum og athugasemdum sem geta haft neikvæð áhrif á þjónustuna og ímynd beggja aðila. Reykjavíkurborg leggur áherslu á góð samskipti við þjónustuaðila og mun boða til fundar a.m.k. einu sinni á ári með það að markmiði að miðla reynslu, ræða lausnir og nýjungar o.s.frv.

4. Samningstími og breytingar

- 4.1. Samningur þessi er ótímabundinn. Reykjavíkurborg er heimilt að segja samningnum upp með fjögurra mánaða fyrirvara hvenær sem er. Uppsögn skal vera skrifleg og komið til þjónustuaðila með sannanlegum hætti. Hyggist þjónustuaðili hætta rekstri stöðvalausrar hjóla- eða smáfarartækjaleigu skal hann tilkynna það skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkuborgar á netfangið usk@reykjavik.is. Samningi þessum telst lokið 2 vikum eftir móttöku uppsagnar nema samið hafi verið um aðra dagsetningu fyrir samningslok.
- 4.2. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að endurskoða samning þennan og gera á honum breytingar ef reynslan af rekstri þessum eða annarra þjónustuaðila gefur tilefni til. Slíkar breytingar skal tilkynna þjónustuaðila um með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara.

5. Tryggingar

- 5.1. Þjónustuaðili skal hafa ábyrgðartryggingar sem taka til tjóna sem notendur eða aðrir aðilar kunna að verða fyrir vegna starfseminnar á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar.

- 5.2. Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á tjónum sem verða af völdum tækja þjónustuaðila hvort sem þau eru staðsett í borgarlandi eða innan lóða.
- 5.3. Þjónustuaðili skal upplýsa notendur um þær tryggingar sem þjónustuaðilinn hefur og hvaða ábyrgð notandinn ber eða gæti borið vegna notkunar sinnar á farartækinu.
- 5.4. Þjónustuaðili skal einnig koma sömu upplýsingum fram á skýran máta, t.d. á heimasíðu sinni, þ.e. hvaða ábyrgð notandinn ber og hvaða ábyrgð þjónustuaðilinn ber.

6. Persónuvernd

- 6.1. Þjónustuaðili skal upplýsa notendur um öflun og notkun gagna sem innihalda persónuupplýsingar um notendurnar og fá samþykki fyrir vinnslu þeirra áður en hún fer fram, sé þess þörf.
- 6.2. Þjónustuaðili er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem hann safnar í starfsemi sinni og ber ábyrgð á að öll vinnsla persónuupplýsinga, kerfi, hýsing gagna og fræðsla gagnvart hinum skráðu sé í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.
- 6.3. Þjónustuaðili kann að vinna með persónuupplýsingar sem Reykjavíkurborg óskar eftir. Ef miðlum persónuupplýsinga á sér stað hefur Reykjavíkurborg það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur sett sér persónuverndarstefnu, í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem aðgengileg er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Þá teljast aðilar þessa samnings sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi persónuverndarlaga (23. gr.) og skulu gera með sér skriflegt samkomulag um sameiginlega ábyrgð áður en miðlun gagna, um hlutverk og tengsl hinna sameiginlegu ábyrgðaraðila með ábyrgð hvers um sig á því að skuldbindingar gagnvart persónuverndarlögum sé uppfyllt. Samkomulagið verður hluti af þjónustusamningi þessum sem fylgiskjal.

7. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

- 7.1. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skulu aðilar leitast við að leysa úr því í sameiningu, með boðun að minnsta kosti tveggja sáttarfunda, en reynist það árangurslaust verða mál vegna samningsins rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

F.h. Reykjavíkurborgar

Ólöf Örvardóttir

Sviðsstjóri

f.h. þjónustuaðila

XXXXXX

Titill

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Verklagsreglur

vegna starfsemi stöðvalausa hjóla- og smáfarartækjaleiga á borgarlandi Reykjavíkur

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja gagnsætt og opið verklag þegar þjónustuaðili óskar eftir að starfrækja stöðvalausa hjólaleigu (hér eftir kallað þjónustuaðili) með reiðhjólum, smáfarartækjum eða öðrum sambærilegum léttum farartækjum, án fastra hjólastöðva innan borgarlands Reykjavíkur. Þjónustuaðila ber að fylgja þessum verklagsreglum í hvívetna.

2. Orðskýringar

- 2.1. *Hjól* er samgöngutæki sem er gert út af þjónustuaðila til leigu einstaklinga til samganga og fellur undir skilgreiningu á reiðhjóli skv. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019,
- 2.2. *Smáfarartæki* er samgöngutæki sem er gert út af af þjónustuaðila til leigu einstaklinga til samganga og fellur undir skilgreiningu á smáfarartæki skv. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019,
- 2.3. *Þjónustuaðili* er aðili sem býður upp á aðgengi að hjólum og/eða smáfarartækjum gegn gjaldi.
- 2.4. *Floti* vísar til þeirra farartækja sem hjóla- eða smáfarartækjaleiga heldur úti og er starfhæfur og virkur hluti af framboði þjónustuaðila.
- 2.5. *Stæði* eru fyrirframskilgreindir staðir þar sem ætlast er til að notendur skili hjóli og/eða smáfarartæki. Eru þeir skýrt merktir og afmarkaðir a.m.k. með yfirborðsmerkingu en geta verið með föstum grindum, stöndum, statífum o.þ.h.
- 2.6.
- 2.7. *Svæðishindrun* (e. *geofence*) er stafræn afmörkun á svæði t.a.m. sem skilgreinir hvar hægt er að nota hjólin eða smáfarartækin, hvar sé hægt að skila þeim og á hvaða hraða þau komist. Undir svæðishindrun fellur t.a.m. bannsvæði þ.e. svæði sem umferð hjóla eða smáfarartækja þjónustuaðila er óheimil.
- 2.8. *Nýting* er meðaltal yfir fjölda ferða hvers hjóls eða smáfarartækis á dag yfir tiltekið tímabil.
- 2.9. *Ferð* er notkun hjóls eða smáfarartækis sem notandi greiðir fyrir og lýkur eftir að hafa ferðast a.m.k. 200 metra.

3. Hlutverk Reykjavíkurborgar

- 3.1. Reykjavíkurborg er veghaldari gatna (að þjóðvegum undanskildum) og almennra stíga innan borgarmarka sem eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar og ekki eru innan lóða.
- 3.2. Reykjavíkurborg sinnir upplýsingaskyldu með því að miðla upplýsingum til almennings um notkun hjóla, með þar til gerðum boðleiðum.
- 3.3. Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á tjónum á hjólum eða smáfarartækjum vegna þjónustutækja, t.a.m. vetrarþjónustu.
- 3.4. Reykjavíkurborg getur komið á fót gagnagrunni þar sem þjónustuaðilar skila inn gögnum, t.a.m. um staðsetningu og ferðir farartækja.

4. Skyldur þjónustuaðila

- 4.1. *Lög og reglugerðir*
- 4.1.1. Þjónustuaðili skal tryggja að ástand og öryggisbúnaður farartækja í flota sé fullnægjandi og að floti uppfylli gildandi lög og reglugerðir sem sett eru varðandi hjól og smáfarartæki, svo sem umferðarlög og reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla.

4.1.2. Þjónustuaðili skal sjálfur fylgja umferðarlögum og reglugerðum í rekstri leigubjónustunnar, t.d. með því að leggja ekki flutningsbifreiðum á gangstétt eða á gangstéttarbrún, ekki aka þeim á bannsvæðum, o.s.frv.

4.2. *Nýting og rekstur*

- 4.2.1. Þjónustuaðila ber að gera samning við Reykjavíkurborg um starfsemi stöðvalausrar hjóla- eða smáfarartækjaleigu. Þjónustuaðili skal senda tölvupóst til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar á netfangið usk@reykjavik.is þar sem óskað er eftir því að hefja starfsemi stöðvalausrar hjólaleigu. Í póstinum skulu einnig koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang þjónustuaðila, sem og upplýsingar um ábyrgðaraðila (nafn, símanúmer, netfang og tryggingaskírteini).
- 4.2.2. Þjónustuaðili skal upplýsa Reykjavíkurborg um áætlaðan fjölda farartækja í flota við upphaf starfsemi sinnar. Skal hann upplýsa Reykjavíkurborg ef breytingar á fjölda farartækja eru áætlaðar.
- 4.2.3. Þjónustuaðili skal upplýsa Reykjavíkurborg um það á hvaða svæðum hann ætlar að starfrækja þjónustu sína. Skal hann upplýsa Reykjavíkurborg ef breytingar verða á því svæði sem hann starfrækir þjónustu sína með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 4.2.4. Ef þjónustuaðili ætlar sér að koma upp fastri aðstöðu í borgarlandi, hjóla og/eða smáfarartækjastöðvum, skal hann sækja um viðeigandi leyfi hjá Reykjavíkurborg.
- 4.2.5. Þjónustuaðila ber að tryggja skynsama nýtingu borgarlands og þar með uppfylla að notkun flota uppfylli neðangreind skilyrði:
- a) Meðalnotkun hvers farartækis í flota sé a.m.k. 2,0 ferðir á dag að meðaltali yfir þrjá mánuði.
 - b) Meðalnotkun hvers farartækis í flota sé a.m.k. 0,5 ferðir á dag að meðaltali yfir einn mánuð.

Ef annað hvort skilyrði a) eða b) er ekki uppfyllt, án eðlilegra skýringa, skal þjónustuaðili bregðast við. Ef þjónustuaðili bregst ekki við eða sýnir ekki fram á hvernig meðalnotkun farartækis verði aukin, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningi við þjónustuaðila. Þjónustuaðili skal senda fyrir 15. dag hvers mánaðar til Reykjavíkurborgar gögn um heildarfjölda ferða á hverjum degi og fjölda farartækja í útleigu í undangengnum mánuði, þ.e. ef gögnum er ekki skilað jafnóðum í gagnagrunn sbr. gr. 3.4.

Þjónustuaðili skal skila inn gögnum, á því formi sem óskað er eftir, inn í slíkan gagnagrunn sé óskað eftir því sbr. gr. 3.4.

4.2.6. Hjól og smáfarartæki sem hafa staðið ónotuð í borgarlandi í 60 klst. skulu fjarlægð af þjónustuaðila og komið fyrir á skilgreindu stæði viðkomandi farartækja, eða öðrum stað þar sem farartækin valda ekki ónæði og komast fyrr í notkun. Þessi tímamörk eiga ekki við farartæki sem lögð eru á skilgreindum stæðum.

4.3. *Útbúnaður smáfarartækja í útleigu*

- 4.3.1. Smáfarartæki í útleigu skulu hafa framljós og afturljós ásamt glitmerkjum/endurskini á báðum langhliðum og undir farartækinu.
- 4.3.2. Smáfarartæki í útleigu skulu vera búin þannig búnaði að ljós á farartækinu blikka eða lýsa ef þau hafa fallið á hliðina.

4.4. *Kynningarmál*

- 4.4.1. Þjónustuaðili er ábyrgur fyrir markaðssetningu á þjónustu sinni. Þjónustuaðila ber að fræða almenning á sýnilegan og aðgengilegan hátt um þær skyldur sem hér er kveðið á um og kunna að varða almenning, þar á meðal um þær reglur sem gilda um lagningu, sbr. 6. gr. verklagsreglnanna.

4.5. *Viðbragðstími*

- 4.5.1. Ef fjarlægja eða endurstaðsetja þarf farartæki skv. verklagsreglum þessum, t.a.m. ef þeim er illa lagt, í samræmi við 6.1.1., eða ef faratæki er staðsett á bannsvæði, skal það gert innan þriggja klukkustunda frá því að þjónustuaðila er gert viðvart. Ef tilkynning berst þjónustuaðila milli kl. 22 og 06 skal hann fjarlægja eða endurstaðsetja farartækið í síðasta lagi fyrir kl.07.

4.6. Þjónustulok

Við þjónustulok skal þjónustuaðili, innan tveggja vikna, fjarlægja öll farartæki og aðra lausamuni tengda þjónustunni og tryggja rétta meðhöndlun í framhaldinu (t.d. förgun eða geymslu). Hættulegur úrgangur s.s. rafhlöður, rafmagnsíhlutir, olía o.s.frv. skal einnig meðhöndla á réttan hátt. Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á yfirgefnum/ósóttum hjólum og áskilur sér rétt að fjarlægja þau og farga á kostnað þjónustuaðila.

5. Takmarkanir á starfsemi og staðsetningu hjóla og smáfarartækja

- 5.1. Reykjavíkurborg getur sett ýmsar takmarkanir á starfsemi þjónustuaðila. Reykjavíkurborg getur t.a.m. sett á lághraðasvæði, bannsvæði og svæði þar sem óheimilt er að leggja farartækjum eða enda ferðir.

5.2. Lághraðasvæði

- 5.2.1. Á lághraðasvæðum er óheimilt að aka smáfarartækjum hraðar en 10 km/klst.
- 5.2.2. Þjónustuaðili skal setja upp lághraðasvæði á eftirfarandi stöðum:
- Grunnskólalóðum.
 - Göngugötum.
- 5.2.3. Reykjavíkurborg getur sett lághraðasvæði á fleiri stöðum í borginni. Reykjavíkurborg skal koma upplýsingum um slík svæði til þjónustuaðila. Þjónustuaðili skal koma takmörkunum í framkvæmd innan 5 virkra daga frá móttöku kröfunnar.

5.3. Bannsvæði

- 5.3.1. Reykjavíkurborg getur sett upp bannsvæði, þar sem þjónustuaðila skal gera ókleift að aka farartækjum. Þjónustuaðili skal koma takmörkunum í framkvæmd innan 5 virkra daga frá móttöku kröfu um uppsetninga bannsvæðis. Ef farartæki er lagt á bannsvæði, ber þjónustuaðila tafarlaust að fjarlægja það innan viðbragðstíma, sbr. 4.5.1.

5.4. Lagning hjóla og smáfarartækja óheimil

- 5.4.1. Reykjavíkurborg getur skilgreint svæði þar sem óheimilt er að leggja farartækjunum. Eru það t.a.m.:
- Vatnsverndarsvæði.
 - Göngugötur.
 - Undirgöng, og nágrenni þeirra, a.m.k. 15m frá munna þeirra.
 - Hjólastígar.
- 5.4.2. Reykjavíkurborg getur skilgreint fleiri svæði þar sem óheimilt er að leggja farartækjum og skal koma upplýsingum um slík svæði til þjónustuaðila. Þjónustuaðili skal koma takmörkunum í framkvæmd innan 5 virkra daga frá móttöku kröfunnar.

5.5. Frekari takmarkanir

- 5.5.1. Reykjavíkurborg getur sett á frekari takmarkanir á útleigu hjóla og smáfarartækja, t.a.m. takmarkað tíma og svæði þar sem leyfilegt er að leigja út hjól.

6. Lagning hjóla og smáfarartækja

6.1. Um lagningu hjóla og smáfarartækja

- 6.1.1. Þjónustuaðili skal upplýsa notendur sína um hvernig beri að skilja við og leggja farartækjum. Faratæki telst illa lagt ef þau eru á stöðum þar sem :
- þau hindra umferð, sérstaklega þeirra með skerta hreyfigetu eða sjón.

- þau eru staðsett fyrir gangbrautum og öðrum göngupverunum.
- þau eru staðsett á miðeyjum, við gatnamót eða öðrum álíka stöðum.
- þeim er lagt á bannsvæðum.
- þeim er lagt þar sem óheimilt er að leggja farartæki eða enda ferð.
- ef þau að öðru leiti hindra aðra umferð.
- ef þau kunna að valda tjóni.

- 6.1.2. Ef farartæki eru staðsett á þeim stöðum sem taldir eru upp í gr. 6.1.1., skal þjónustuaðili fjarlægja farartækið í samræmi við skilmála þessara verklagsreglna og innan viðbragðstíma í 4.5.
- 6.1.3. Notendur skulu senda inn mynd til þjónustuaðila eftir að ferð lýkur þar sem sýnd er staðsetning farartækisins og hvernig skilið er við það.
- 6.1.4. Þjónustuaðili skal hafa virkt eftirlit með þeim myndum sem sendar eru inn. Ef farartæki er ekki lagt í samræmi við skilmála verklagsreglna þessara skal þjónustuaðili fjarlægja eða lagfæra farartækið í samræmi við verklagsreglur.
- 6.1.5. Þjónustuaðili skal gera almenningi kleift, með einföldum hætti, að senda inn ábendingar um illa lögð farartæki, t.d. á heimasíðu sinni eða smáforriti. Almennigur þarf að geta sent inn ábendingar án þess að hlaða niður smáforriti eða öðrum búnaði.
- 6.1.6. Upplýsingar um hvernig senda skal inn ábendingu um illa lagt farartæki skal koma fram á tækinu sjálfu. Getur það verið í formi QR kóða, slóð á heimasíðu eða álíka hætti.
- 6.1.7. Farartækin skulu hafa þannig búnað að ef þau detta á hliðina senda þau sjálfkrafa merki til þjónustuaðila. Hafi farartæki fallið á hliðina, eða er ekki uppistandandi skal þjónustuaðili fjarlægja eða lagfæra það innan þess tíma sem gefinn er upp í verklagsreglum þessum, sbr. 4.5..

6.2. *Stæði ætluð stöðvalausum hjólum og smáfarartækjum*

- 6.2.1. Reykjavíkurborg getur sett upp, í borgarlandi, sérstök stæði ætluð stöðvalausum hjólum og smáfarartækjum.
- 6.2.2. Þjónustuaðili skal leita leiða til að örva notendur til að enda ferðir sínar í slíkum stæðum. Það getur t.d. verið í formi ívilnunar eins og afsláttar á ferð, inneignar eða niðurfellingar á upphafsgjaldi ferðar.

7. Endurskoðun

- 7.1. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að endurskoða og uppfæra verklagsreglur vegna starfsemi stöðvalausra hjóla- og smáfarartækjaleigna á borgarlandi Reykjavíkur, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum og er þjónustuaðila gefinn þar kostur til að koma fram með sín sjónarmið, ef einhver eru.

8. Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka gildi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs og birtingu á heimasíðu borgarinnar.

Reykjavík, xx, xx 2025



Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Umhverfis- og skipulagssvið (hér eftir nefnd Reykjavíkurborg) og [nafn þjónustuaðila], kt. [kennitala], [heimilisfang], [póstnúmer] [sveitarfélag], (hér eftir nefnt þjónustuaðili) gera með sér eftirfarandi:

ÞJÓNUSTUSAMNING um stöðvalausa hjólaleigu í Reykjavík

1. Markmið

- 1.1. Með samningi þessum er kveðið á um skyldur aðila vegna fyrirætlana þjónustuaðila um að reka stöðvalausa hjólaleigu í Reykjavík.

2. Orðskýringar

- 2.1. *Hjól* er samgöngutæki sem er gert út af þjónustuaðila til leigu einstaklinga til samgangna og fellur undir skilgreiningu á reiðhjól í umferðarlögum.
- 2.2. *Floti* vísar til þeirra farartækja sem hjólaleiga heldur úti og er starfhæfur og virkur hluti af framboði þjónustuaðila.
- 2.3. *Hjólástöðvar* eru fyrirframskilgreindir staðir þar sem ætlast er til að notendur skili hjóli eða sæki hjól, t.d. með föstum grindum, stöndum, statífum o.þ.h.
- 2.4. *Svæðishindrun* (e. *geofence*) er stafræn afmörkun á svæði þar sem hægt að skila hjóli.
- 2.5. *Ferð* er notkun tækis þar sem notandi greiðir fyrir hjól og lýkur henni eftir að hafa ferðast a.m.k. 200 metra.

3. Skyldur Reykjavíkurborgar

- 3.1. Reykjavíkurborg er veghaldari gatna (að þjóðvegum undanskildum) og almennra stíga innan borgarmarka sem eru ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar.
- 3.2. Reykjavíkurborg sinnir upplýsingaskyldu með því að miðla upplýsingum til almennings um notkun reiðhjóla, með þar til gerðum boðleiðum.
- 3.3. Reykjavíkurborg getur gert sambærilegan þjónustusamning við aðra þjónustuaðila sem vilja reka stöðvalausa hjólaleigu á borgarlandi Reykjavíkurborgar.

4. Skyldur þjónustuaðila

- 4.1. *Lög og reglugerðir*
 - 4.1.1. Þjónustuaðili skal tryggja á hverjum tímapunkti að ástand hjóla í flota sé fullnægjandi og að floti uppfylli gildandi lög og reglugerðir sem sett eru varðandi hjólin, svo sem umferðarlög og reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla.
 - 4.1.2. Þjónustuaðili skal sjálfur fylgja umferðarlögum og reglugerðum í rekstri leiguþjónustunnar, t.d. ekki leggja flutningsbifreiðum á gangstétt eða á gangbrún, ekki aka þeim á bannsvæðum, o.s.frv.
- 4.2. *Nýting og rekstur*
 - 4.2.1. Tengiliður þjónustuaðila er [nafn], [símanúmer], [netfang] og hann skal vera í samskiptum við Reykjavíkurborg. Ef breytingar verða á tengilið skal þjónustuaðili veita Reykjavíkurborg upplýsingar um nýjan tengilið.
 - 4.2.2. Þjónustuaðili skal upplýsa Reykjavíkurborg um áætlaðan fjölda hjóla í flota, hvernig þjónustuaðili hyggst standa að dreifingu hjóla, s.s. staðsetningar og fjölda hjóla á hverjum stað og gera



breytingar í samráði við Reykjavíkurborg ef þörf krefur. Ef breytingar á ofangreindum atriðum eru áætlaðar skal þjónustuaðili upplýsa Reykjavíkurborg um þær svo fljótt sem auðið er.

4.2.3. Til að tryggja skynsamlega nýtingu borgarlands, telur Reykjavíkurborg að við eftirfarandi skilyrði sé notkun hjóla ekki með fullnægjandi hætti og skal þjónustuaðili bregðast við til að auka notkun:

- a) Meðalnotkun hvers hjóls í flota er undir 2,0 ferðum á dag að meðaltali yfir þrjá mánuði án eðlilegra útskýringa.
- b) Meðalnotkun hvers hjóls í flota er undir 0,5 ferðum á dag að meðaltali yfir einn mánuð án eðlilegra útskýringa.

Ef annað hvort skilyrði a) eða b) er ekki uppfyllt og þjónustuaðili sýnir ekki fram á hvernig meðalnotkun hjóla verði aukin, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta þjónustusamningi.

4.2.4. Þjónustuaðili skal stýra því hvar sé hægt að skilja við hjól með svæðishindrun í samráði við Reykjavíkurborg, t.d. ekki innan verndarsvæða eða kirkjugarða. Ef Reykjavíkurborg telur þörf á að breyta svæðishindrunum á samningstíma, skal þjónustuaðili vera tilbúinn til að uppfæra þær.

4.2.5. Ef þjónustuaðili óskar að koma sér upp fastri aðstöðu fyrir þjónustuna skal hann sækja um viðeigandi leyfi hjá Reykjavíkurborg.

4.3. Öryggi og aðgengi

4.3.1. Þjónustuaðili skal upplýsa notendur að almennt skuli:

- ferðast skal á eðlilegum gönguhraða þar sem hjól eru innan um gangandi vegfarendur, t.d. á gangstéttum og blönduðum stígum,
- skilja skal við hjól þannig að þau hindri ekki aðra umferð, sérstaklega þeirra með skerta hreyfigetu eða sjón,
- ekki skal skilja við hjól í gróðurbeðum eða á einkalóðum
- sýna tillitsemi og almenna skynsemi þegar skilið er við hjól, auk þess að fylgja verður lögum og reglum, t.d. ekki skilja við hjól þar sem aðgangur almennings er óheimilaður.

4.3.2. Þjónustuaðili skal gera notendum og almenningi kleift að hafa samband við þjónustuaðila (a.m.k. símanúmer og netfang) og veita þær upplýsingar á bæði íslensku og ensku.

4.3.3. Þjónustuaðili skal vera virkur í viðhaldi og rekstri hjóla. Þetta felur í sér að bregðast við ábendingum svo fljótt sem auðið er, sem m.a. geta falið í sér að:

- taka úr umferð ónýt eða biluð hjól,
- flytja hjól sem hindra almenna umferð eða valda óþægindum,
- fjarlægja hjól sem hafa lent á óæskilegum stöðum, s.s. sjó, ám, görðum, beðum, bannsvæðum o.þ.h.,
- fjarlægja hjól af svæðum þegar hreinsun gatna og stíga fer fram.

4.3.4. Ef þjónustuaðili bregst ekki við ábendingum sbr. punkt 4.3.3, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að láta flytja eða fjarlægja hjól. Allur kostnaður Reykjavíkurborgar eða annarra opinberra stofnana í samstarfi við Reykjavíkurborg af flutningi, förgun eða geymslu skal greiddur af þjónustuaðila.

4.4. Gögn

4.4.1. Til að gera Reykjavíkurborg kleift að meta árangur af stöðvalausum hjólaleigum og taka upplýstar ákvarðanir um framhald hjólaleiga í borginni, þarf þjónustuaðili að safna upplýsingum um meðalnýtingu hjóla í flota (sbr. punkt 4.2.3) og senda til Reykjavíkurborgar. Til viðmiðunar gæti þjónustuaðili sent eftirfarandi upplýsingar ársfjórðungslega til Reykjavíkurborgar:

- a. Meðalfjöldi hjóla í notkun á mánuði
- b. Heildarfjöldi bókana/ferða á mánuði
- c. Meðallengd ferða (km.) á mánuði
- d. Meðallengd ferða (mín.) á mánuði
- e. Fjöldi notenda á mánuði



4.4.2. Þjónustuaðili skal upplýsa notendur um öflun og notkun gagna sem innihalda persónuupplýsingar um notendurna og fá samþykki fyrir vinnslu þeirra áður en hún fer fram, sé þess þörf.

4.5. Kynningarmál

4.5.1. Þjónustuaðili er ábyrgur fyrir því að markaðssetja þjónustu sína.

4.6. Þjónustulok

4.6.1. Við þjónustulok skal þjónustuaðili fjarlægja öll hjól og aðra lausamuni tengda þjónustunni og tryggja rétta meðhöndlun í framhaldinu (t.d. förgun eða geymslu). Hættulegur úrgangur s.s. batterí, rafmagnsíhlutir, olía o.s.frv. skal einnig meðhöndla á réttan hátt. Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á yfirgefnum/ósóttum hjólum og áskilur sér rétt að fjarlægja þau og farga á kostnað þjónustuaðila.

5. Tryggingar og skaðabótaábyrgð

5.1. Þjónustuaðili skal hafa ábyrgðartryggingar sem taka til tjóna sem notendur eða aðrir aðilar kunna að verða fyrir vegna starfseminnar.

6. Samvinna og eftirfylgni

6.1. Með undirritun þessa þjónustusamnings lýsa Reykjavíkurborg og þjónustuaðili því yfir að vinna náið saman til að áhrif þjónustunnar verði sem jákvæðust og að brugðist verði hratt við ábendingum og athugasemdum sem geta haft neikvæð áhrif á þjónustuna og ímynd beggja aðila. Reykjavíkurborg leggur áherslu á góð samskipti við þjónustuaðila og mun boða til fundar a.m.k. einu sinni á ári með það að markmiði að miðla reynslu, ræða lausnir og nýjungar o.s.frv.

7. Persónuvernd

- 7.1. Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur sett sér persónuverndarstefnu, í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem aðgengileg er á heimasíðu Reykjavíkurborgar.
- 7.2. Þjónustuaðili er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem hann safnar í starfsemi sinni og ber ábyrgð á að öll vinnsla persónuupplýsinga, kerfi, hýsing gagna og fræðsla gagnvart hinum skráðu sé í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.
- 7.3. Þjónustuaðili kann að vinna með persónuupplýsingar sem Reykjavíkurborg óskar eftir. Ef miðlum persónuupplýsinga á sér stað teljast aðilar þessa samnings sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi persónuverndarlaga (23. gr.) og skulu gera með sér skriflegt samkomulag um sameiginlega ábyrgð áður en miðlun gagna, um hlutverk og tengsl hinna sameiginlegra ábyrgðaraðila með ábyrgð hvers um sig á því að skuldbindingar gagnvart persónuverndarlögum sé uppfyllt. Samkomulagið verður hluti af þjónustusamningi þessum sem fylgiskjal.

8. Gildistími og endurskoðun samnings

8.1. Samningur þessi gildir í tvö ár frá undirritun hans. Reykjavíkurborg er heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara hvenær sem er á samningstímanum. Uppsögn skal vera skrifleg og komið til þjónustuaðila með sannanlegum hætti. Hyggist þjónustuaðili hætta rekstri stöðvalausrar hjólaleigu áður en samningstíminn er liðinn skal hann tilkynna það skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Við staðfestingu á móttöku uppsagnar telst samningi þessum lokið nema samið hafi verið um aðra dagsetningu fyrir samningslok.



Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að endurskoða samning þennan og gera á honum breytingar innan gildistíma hans ef reynslan af rekstri þessum eða annarra þjónustuaðila gefur tilefni til. Slíkar breytingar skal tilkynna þjónustuaðila um með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara.

9. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

- 9.1. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skulu aðilar leitast við að leysa úr því í sameiningu en reynist það árangurslaust verða mál vegna samningsins rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, dd.mm.áááá

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. þjónustuaðila



Verklagsreglur

vegna starfsemi stöðvalausra hjólaleiga á borgarlandi Reykjavíkur

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja gagnsætt og opið verklag þegar þjónustuaðili óskar eftir að starfrækja stöðvalausa hjólaleigu (hér eftir kallað þjónustuaðili) með reiðhjólum, hlaupahjólum eða öðrum sambærilegum léttum farartækjum, án fastra hjólastöðva innan borgarlands Reykjavíkur. Þjónustuaðila ber að fylgja þessum verklagsreglum í hvívetna.

2. Orðskýringar

- 2.1. *Hjól* er samgöngutæki sem er gert út af þjónustuaðila til leigu einstaklinga til samganga og fellur undir skilgreiningu á reiðhjóli í umferðarlögum.
- 2.2. *Þjónustuaðili* er aðili sem býður upp á aðgengi að hjólum gegn gjaldi.
- 2.3. *Floti* vísar til þeirra farartækja sem hjólaleiga heldur úti og er starfhæfur og virkur hluti af framboði þjónustuaðila.
- 2.4. *Hjólastöðvar* eru fyrirframskilgreindir staðir þar sem ætlast er til að notendur skili hjóli eða sækji hjól, t.d. með föstum grindum, stöndum, statífum o.þ.h.
- 2.5. *Svæðishindrun* (e. *geofence*) er stafræn afmörkun á landsvæði sem þjónusta hjóla takmarkast við sem afmarkar það svæði þar sem hægt er að skila hjóli.
- 2.6. *Nýting* er meðaltal yfir fjölda ferða hvers hjóls á dag.

3. Skyldur Reykjavíkurborgar

- 3.1. Reykjavíkurborg er veghaldari gatna innan borgarlands að þjóðvegum undanskildum (sveitarfélagsvegir), sem eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.
- 3.2. Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga.
- 3.3. Hægt er að sækja um leyfi vegna afnota á borgarlandi ef þjónustuaðili óskar að koma sér upp fastri aðstöðu fyrir leigubjónustu. Nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu borgarinnar: <https://reykjavik.is/thjonusta/leyfi-til-afnota-af-borgarlandi-afnotaleyfi>

4. Skyldur þjónustuaðila

- 4.1. Upphaf
 - 4.1.1. Þjónustuaðila ber að sækja um afnotaleyfi og skal með tveggja vikna fyrirvara tilkynna upphaf starfssemi með tölvupósti til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, Borgartúni 12-14, ásamt upplýsingum um nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang hjólaleigunnar, sem og upplýsingum um ábyrgðaraðila (nafn, símanúmer og netfang).
- 4.2. Lög og reglugerðir
 - 4.2.1. Þjónustuaðili skal tryggja á hverjum tímapunkti að ástand tækja í flota sé fullnægjandi og að floti uppfylli gildandi lög og reglugerðir sem sett eru varðandi reiðhjól, svo sem umferðarlög nr. 50/1987 og reglugerð nr. 57/1994 um gerð og búnað reiðhjóla.
 - 4.2.2. Þjónustuaðili skal sjálfur fylgja umferðarlögum og reglugerðum í rekstri leigubjónustunnar, t.d. ekki leggja flutningsbifreiðum á gangstétt eða á gangbrún, ekki aka þeim á bannsvæðum, o.s.frv. þegar hjól eru lestuð eða losuð vegna flutninga.
- 4.3. Notkun og rekstur
 - 4.3.1. Í lok hvers mánaðar skal þjónustuaðili upplýsa Reykjavíkurborg um nýtingu á flotanum fyrir viðkomandi mánuð.



- 4.3.2. Ef nýting flotans er undir tveimur ferðum á dag að meðaltali þrjá mánuði í röð án eðlilegra útskýringa áskilur borgin sér rétt til að afturkalla afnotaleyfið. Við þetta skilyrði telur Reykjavíkurborg að landsvæðið nýtist betur í aðrar athafnir.
- 4.3.3. Þjónustuaðili skal stýra því hvar sé hægt að skilja við hjól með svæðishindrun í samráði við Reykjavíkurborg og ber þjónustuaðila að halda tækjum innan þess svæðis. Sjá punkt 4.3.5 með nánari útlistun á hvernig almennt skal skilja við hjól.
- 4.3.4. Þjónustuaðili skal upplýsa Reykjavíkurborg um svæðishindrun og aðlaga hana í samráði við Reykjavíkurborg.
- 4.3.5. Þjónustuaðili skal upplýsa og fræða notendur um hvernig skilja megi við hjól:
- Fylgja verður lögum og reglum þegar skilið er við hjól, t.d. að það má ekki valda hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð og að almennt gildir sú regla að sýna verði tillitsemi og almenna skynsemi þegar skilið er við hjól.
 - Á gangstétt og við húsbyggingar skal vera a.m.k. 2,0 m autt svæði til að komast fram hjá hjóli sem er ekki í notkun. Ef mikið er um gangandi vegfarendur er þessi fjarlægð leiðbeinandi og gæta verður að sýna tillitsemi og almenna skynsemi.
 - Ekki skal skilja við hjól á grasi/möl lengra en 2,0 m frá næsta stíg.
 - Ekki skal skilja við hjól í gróðurbeðum eða á verndarsvæðum.
 - Ekki skal skilja við hjól innan 50 m frá strandlínu, tjörn eða árbakka, til að hindra að þriðji aðili varpi ekki hjólinu í sjóinn.
 - Ofangreindur listi er ekki tæmandi. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að endurskoða svæðishindranir, hvar og hvernig megi skilja við hjólin, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum og uppfæra ofangreindan lista sem tekur þá gildi eftir tilkynningu til þjónustuaðila.
- 4.3.6. Þjónustuaðili skal vera virkur í viðhaldi og rekstri hjóla. Þetta felur í sér að bregðast við þegar ábending berst, sem m.a. geta falið í sér að:
- taka úr umferð ónýtt/biluð hjól
 - flytja hjól sem hindra almenna umferð
 - fjarlægja hjól sem hafa lent í sjónum, ám, tjörnum, görðum, beðum, bannsvæðum o.þ.h.
- 4.3.7. Reykjavíkurborg mun eftir fremsta megni vinna með þjónustuaðila og lætur hann vita um ábendingar sem berast borginni. Ef ekki er brugðist við ábendingum þegar þær berast eða ef borgin telur brýna þörf, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt að fjarlægja hjól og færa í geymslu á kostnað þjónustuaðila. Reykjavíkurborg er ekki skaðabótaskyld vegna þessa.
- 4.3.8. Ef þjónustuaðili gerist brotlegur á verklagsreglunum hefur Reykjavíkurborg heimild til þess að afturkalla afnotaleyfið.
- 4.4. Gögn**
- 4.4.1. Til að gera Reykjavíkurborg kleift að meta árangur af stöðvalausum hjólaleigum og taka upplýstar ákvarðanir um framhald hjólaþjónustu í borginni, þarf þjónustuaðili að upplýsa Reykjavíkurborg um það hvaða upplýsingum er hægt að safna (t.d. ferðir, kvartanir, óhöpp, tjón o.fl.) og báðir aðilar koma sér saman um söfnun upplýsinga (ekki persónurekjanlegar) og afhendingu þeirra til Reykjavíkurborgar til greiningar. Reykjavíkurborg hefur ótakmarkaða heimild til að geyma, nota og vinna gögnin sem og að deila þeim með þriðja aðila í ótengdu samstarfi.
- 4.4.2. Gögn frá þjónustuaðila skulu vera á stöðluðu, véllæsanlegu rafrænu sniði. Æskilegt er að miðlun þeirra til Reykjavíkurborgar fari fram í gegnum forritaskil (API). Gagnasnið og forritaskil skulu vera skjöluð og örugg.
- 4.4.3. Þjónustuaðili skal upplýsa notendur um öflun og notkun gagna og fá samþykki fyrir söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra (ekki persónurekjanlegar).



4.5. Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur sett sér persónuverndarstefnu, í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem aðgengileg er á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Þjónustuaðili er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem hann safnar með í starfsemi sinni og ber ábyrgð á að öll vinnsla persónuupplýsinga, kerfi, hýsing gagna og fræðsla gagnvart hinum skráðu sé í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.

Þjónustuaðili kann að safna persónuupplýsingum við veitingu þjónustunnar sem afhenda ber Reykjavíkurborg, t.d. staðsetningargögn og önnur gögn, sbr. kafli 4.4 í verklagsreglum þessum, sem Reykjavíkurborg mun vinna með, meðal annars til að rækja lögbundin verkefni í starfsemi sinni. Þjónustuaðili og Reykjavíkurborg teljast sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi persónuverndarlaga (23.gr.) og skulu aðilar gera með sér skriflegt samkomulag áður en rekstur deilihjólaleigu hefst í borgarlandinu, um hlutverk og tengsl hinna sameiginlegu ábyrgðaraðila með ábyrgð hvers um sig á því að skuldbindingar gagnvart persónuverndarlögum sé uppfyllt.

4.6. Kynningarmál

4.6.1. Þjónustuaðili er ábyrgur fyrir því að markaðssetja þjónustu sína.

4.7. Þjónustulok

4.7.1. Við þjónustulok skal þjónustuaðili fjarlægja öll hjól og aðra lausamuni tengda þjónustunni og tryggja rétta meðhöndlun í framhaldinu (t.d. förgun eða geymslu). Hættulegur úrgangur s.s. batterí, rafmagnsíhlutir, olía o.s.frv. skal einnig meðhöndla á réttan hátt. Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á yfirgefnum/ósóttum hjólum.

5. Endurskoðun

5.1. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að endurskoða og uppfæra verklagsreglur vegna starfsemi hjólaleigu án hjólastöðva á borgarlandi Reykavíkur, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum, sem taka þá gildi eftir tilkynningu til þjónustuaðila.

Reykjavík, 1.júlí 2019